

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2010-2011

haldinn að Garðarsbraut 26 á Húsavík – Skrifstofu stéttarfélaganna 6. október 2010 kl.13:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri félagsins sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð nýjan aðalmann í stjórn, Björn Víking Björnsson, velkominn til starfa.

1. Stefnumótun félagsins – aðkoma Þekkingarnets Þingeyinga

Guðlaug Gísladóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga gerði grein fyrir tillögu að fyrirkomulagi vinnu við fyrirhugaða stefnumótun AP. Að loknum umræðum var samþykkt að vinna stefnumótunina á grundvelli kynntrar verk- og kostnaðaráætlunar.

2. Málefni vaxtarsamnings

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi rekstur vaxtarsamnings. Ákveðið að auglýsa eftir verkefnum til þátttöku. Jafnframt samþykkt að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að gerð nýs samnings, en núverandi samningur rennur út í árslok.

3. Ráðstöfun eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs

Framkvæmdastjóri lagði fram greinargerð um ráðstöfun þeirra eigna sem félagið tók yfir frá fyrrum Kísilgúrsjóði. Fyrir liggur tilboð í hlutafé félagsins í Baðfélagi Mývatnssveitar hf. Stjórnin samþykkir að taka fyrirbyggjandi tilboði og með vísan til samþykkt Baðfélags Mývatnssveitar hf. var samþykkt að bjóða stjórn þess forkaupsrétt að umræddum bréfum.

4. Rekstraryfirlit 2010 – áætluð árslokastaða

Framkvæmdastjóri lagði fram rekstraryfirlit með áætlaðri árslokastöðu. Að gefnum þeim forsendum sem til grundvallar liggja er gert ráð fyrir að rekstur félagsins verði í jafnvægi á árinu.

5. Önnur mál

- a) Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leita eftir því við sveitarfélögin á svæðinu að settur verði á laggirnar starfshópur um nýtingarmöguleika Húsavíkurflugvallar.
- b) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að lausn sé í sjónmáli varðandi bókaútgáfu þá sem áður hefur verið til umfjöllunar hjá stjórn.
- c) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu sem fram fer á vegum iðnaðarráðuneytisins varðandi skipulag svokallaðrar stoðþjónustu atvinnulífsins sem atvinnuþróunarfélögin eru hluti af. Verða þau mál m.a. til umræðu á árlegum haustfundi atvinnuþróunarfélaganna sem fram fer á Egilsstöðum á morgun, 7. okt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15